

LANDPÓSTURINN

3.tbl. 9 árg. maí 1997 • Fréttabréf Félags landfræðinga
Pósthólf 5391 • 125 Reykjavík • ábm.: Kristinn Einarsson

Fréttir af aðalfundi 1997

Aðalfundur Félags landfræðinga var haldinn fimmtudaginn 20. mars 1997 í Jarðfræðalúsi Háskólans, og mættu níu manns til fundarins. Að loknum venjulegum aðalfundarstörfum hélt Sigmar Metúsalemsson fyrirlestur, sem hann nefndi **Niðurstöður kortlagningar á jarðvegsrofi**.

Stjórnin breyttist að því leyti, að Anna Dóra Sæþórsdóttir baðst undan endurkosningu, og var Helga Barðadóttir kjörin í hennar stað. Árgjaldi var haldið óbreyttu, kr. 2000. Hér á eftir er nánar sagt frá aðalfundinum.

FUNDARBOD

— Um væntanlega námskrá í landafræði —

Nú um þessar mundir stendur yfir endurskoðun námskráa fyrir grunn- og framhaldsskólann á Íslandi. Námskrá fjallar um hvaða markmiðum eigi að ná innan skólakerfisins; annars vegar hvaða markmiðum skólaganga fólks eigi almennt að miða að og hins vegar hvaða markmiðum skuli stefnt að með námi einstakra greina.

Menntamálaráðuneytið skipaði nú á vorönn svokallaða forvinnuhópa sem eiga að setja meginmarkmið með námi einstakra náms sviða. Eitt slíkra náms sviða eru samfélagsfræði og situr undirrituð í þeim hópi. Illutverk forvinnuhóps er ekki að skrifa námskrána sem slíka, því það munu vinnuhópar sem taka til starfa í haust gera. Forvinnuhópar setja fram meginmarkmið náms sviðsins bæði fyrir grunn- og framhaldsskólann á Íslandi og leggja þannig línurnar sem vinnuhóparnir eiga að vinna eftir.

Ínnan samfélagsfræðahópsins er vinnan að markmiðum fyrir grunnskólann langt á veg komin. Nú á næstu 3 vikum mun vinnan í tengslum við framhaldsskólann eiga sér stað að mestu leyti. Menntamálaráðuneytið hefur ákveðið að framhaldsskóli framtíðarinnar verði í grófum dráttum þannig:

Bóknámsbrautir til stúdentsprófs verði 3 (kannski 4):

Félagsfræðibraut
Náttúrufræðibraut
Málabraut
(listabraut)

Verknámsbrautir (hið hefðbundna iðnnám)

Starfsnámsbrautir (styttri verknámsgreinar, almennt 2 ár).

Hér með er því boðað til fundar þar sem aðallega verða ræddar eftirfarandi spurningar:

1. Er nauðsynlegt að landafræði fari inn í kjarna allra brauta framhaldsskólans? (bóknám, verknám og starfsnám). Af hverju? (Rökstuðningur)
2. Hvaða "þættir" telja menn nauðsynlegt að fari í kjarna hinna ólíku:
 - a. stúdentsbrauta
 - b. verknámsbrauta
 - c. starfsnámsbrauta(Þessir þættir gefa til kynna hvaða markmiðum eigi að ná.)

Ljóst er að tilgangur fundarins er ekki einungis að hitta áflugasamt fólk um skólamál og landafræði heldur hið að undirrituð þarf á ábendingum og hugmyndum að halda til að geta skilað hlutverki sínu sem best í forvinnuhópnum. Einnhver kann að gera athugasemdir við það að landafræði er að hálfu náttúrufræðigrein, en það er einmitt þess vegna sem undirrituð hefur nú um tíma einnig starfað með forvinnuhóp náttúrufræðasviðs. Það starf er þó aðeins tímabundið.

Þeir sem hafa tök á að koma og ræða þessi mál komi þann **28. maí 1997 klukkan 16-18 í Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð í stofu S202**. Best væri að menn settu hugmyndir og/eða tillögur sínar

niður á blað hversu mótaðar sem þær kunna að vera. Slíkt myndi spara undirritaðri tíma við skriftir á fundinum og auðvelda síðari úrvinnslu.

Með von um að sjá sem flesta,

Auður Pálsdóttir

Skýrsla stjórnar 1996-97

Ágætu félagsmenn,

Tíundla starfsári (hálfu ellefta) Félags laudfræðinga er nú að ljúka, en félagið var stofnað á fundi í Gerðubergi 5. nóvember 1986.

Síðasti aðalfundur var haldinn í Norræna húsinu föstudaginn 15. mars 1996 kl. 16 að lokinni ráðstefnu félagsins sem bar nafnið "Fólkið flytur, hvert og hvers vegna?" Að kvöldi þess sama dags átti einnig að halda árshátíð í Skíðaskálanum í Hveradölum en sökum dræmra undirtekta varð að fella hana niður.

Á þessum fundi áttu að venju tveir að ganga úr stjórn auk formanns sem kosinn er til eins árs í senn. Kristinn Einarsson gaf áfram kost á sér en Rannveig Ólafsdóttir var farin til frekara náms í Svíþjóð og gaf því ekki kost á sér. Í hennar stað var kjörinn Sigmar Metúsalemsson. Guðrún Halla Gunnarsdóttir gaf áfram kost á sér í formannssætið og var endurkjörin. Endurskoðendur félagsins þeir Árni Þór Vesteinsson og Tryggvi Jakobsson voru og endurkjörnir. Á fyrsta stjórnarfundum starfsársins skipti stjórnin með sér verkum sem hér segir: Kristinn varaformaður og ábyrgðarmaður fréttabréfs, Anna Dóra gjaldkeri, Sigmar ritari og Guðrún meðstjórnandi.

Engar tillögur höfðu komið fram um lagabreytingar og árgjaldið var samþykkt óbreytt, aðeins 2.000- krónur. Á aðalfundinum var ítrekuð hugmynd sem fram hafði komið á ráðstefnunni fyrr um daginn um að í Landabréfinu yrði birtur útdráttur úr B.S. ritgerðum nýútskrifaðra laudfræðinga. Fyrsta tilraun til þess að verða við þessum óskum birtist nú í nýja Landabréfinu, en þar er greint frá helstu niðurstöðum Svavars Guðfinnssonar úr könnun hans á störfum og starfssviði laudfræðinga, en félagið hafði styrkt hann á meðan á

vinnslu verkefnisins stóð.

Mæting á aðalfundinum var heldur betri en venjulega um 20 manns.

Stjórn og útgáfumál. Fornlegir stjórnarfundir á starfsárinu 1996-1997 voru 8 auk smætri vinnufunda, símtala, símbréfa og rafrænna póstsendinga.

Fréttabréfið Landpósturinn kom út 6 sinnum á starfsárinu og sá Kristinn Einarsson um útlit þess og uppsetningu.

Tímaritið Landabréfið kom út á síðasta aðalfundardegi og komu reikningar vegna útgáfunnar því til greiðslu á nýliðnu ári. Sami háttur er hafður á nú í dag og verða þeir reikningar því til greiðslu á næsta starfsári. Ég vil sérstaklega þakka ritstjórninni, einkum Guðrúnu Ólafsdóttur og ritstjóranum Nfelsi Þinsen fyrir ótult starf, en ýmsir ritstjórnarmenn hafa horfið til flekara náms erlendis á síðustu tveimur árum. Þess ber að geta að ýmis bókasöfn hafa sýnt því áhuga að getast áskrifendur að tímaritinu sem vel að merkja hefur lengið alþjóðlegt tímaritsnúmer ISSN - 1027-4049.

Skemmti- og fræðsludagskrá liðins starfsárs var á þessa leið:

- Kráaferð var á Kalli Reykjavík 9. maí og mættu þar aðeins 3, þannig að ákveðið var að leggja þessa tegund skemmtunar og fræðslu á hliðuna að sinni.
- Emil Bóasson var í stuttu stoppi á föðurlandinu 26. september og hélt þá fyrirlestur í Lögbergi sem hann nefndi "Landfræði, hvað er nú það? Gamlar hugmyndir og nýjar." Hann var skemmtilegur að vanda en innan við 10 manns fengu að njóta þess.
- Dr. Margaret Ottum sem var Fulbrígt-kennari við jarð- og landfræðiskor á haustmisseri hélt opinberan fyrirlestur um þjóðgarða í Bandaríkjunum og vandamál við stjórnun þeirra í Odða 10. október og voru áheyrendur á þriðja tuginn.
- * Þjú ára afmælisdagur félagsins 5. nóvember 1996 leið þegjandi og hljóðalaust, sökum framtaksleysis stjórnar, en það var raunar bætt upp síðar.
- Í Lögbergi að kvöldi 25. nóvember sagði Hólmfríður Bjarnadóttir skipulagsfræðingur okkur frá verkefni sem hún nefndi "Umhverfisvæn ferðamennska, raunhæfur möguleiki?" og varð metaðsókn, hátt í 30 manns!

- Dr. Margaret Ottum hélt annan fyrirlestur í Odda 17. desember um staðhætti, náttúruvar og menningu í Vermontríki í Bandaríkjunum og bauð þar upp á maple-sýróp og ís. Mætingin var afspyrnu léleg (innan við 10 manns) væntanlega sökum jólaanna.
- Föstudaginn 17. janúar 1997 var haldið veglega upp á 10 ára afmæli félagsins í Norræna húsinu með afmæliskalli og fundi sem bar yfirskriftina "Kortabók Íslands". Til fundarins var boðið í samstarfi við Norræna húsið og ritnefnd Kortabókar Íslands. Erlendum fyrirlesara var boðið til fundarins, prófessor Staffan Helmiðrid sem verið hefur vísindalegur aðalritstjóri sensku kortabókarinnar og hélt hann erindi á fundinum auk Gylfa Más Guðbergssonar ritstjóra Kortabókar Íslands. Ráðherrum menntamála og umhverfismála var boðið til fundarins en þeir gátu því miður ekki mætt vegna anna. Menntamálaráðherra sendi vinsamlegt bréf þar sem hann gat þess að hlustað yrði á óskir félagsins er við kæmu Kortabókarmálinu. Umhverfisráðherra sendi hins vegar aðstoðarmann sinn Guðjón Ólaf Jónsson á fundinn og ávarpaði hann samkomuna og tók undir mikilvægi Kortabókar fyrir Ísland. Í pallborðsumræðum í lok afmælisfundar var samþykkt að senda Valdimar Kristinssyni séstakar þakki fyrir mikið og gíftudrjúgt starf að handbókum Seðlabankans um Ísland, sem að mati fundarmanna væri mikilvægt framlag til undirbúnings fyrir Kortabók Íslands.

Á afmælisfundinn mættu 46 manns.

Önnur mál. Ýmislegt annað gerðist í félagsstarfinu á árinu og er rétt að geta um eftirtalin atriði:

- Umhverfisnefnd Alþingis sendi félaginu til umsagnar "Tillögu til þingsályktunar um "ösnortin víðerni" og sendi stjórn nefndinni umsögn sína.
- Hið íslenska kennarafélag og Kennarasamband Íslands óskuðu eftir tilnefningu félagsins vegna endurskoðunar námskrár grunn- og framhaldsskóla á náms sviði samfélagsfræða og trúarbragða. Stjórnin tilnefndi Auði Pálsdóttur sem síðan var skipuð til þessara starfa af HÍK og KÍ, en auk þess tilnefndi stjórnin vinnuhóp henni til stuðnings.
- Guðrún Ólafsdóttir sótti aðalfund Landverndar sem haldinn var í Alvíðru 2. nóvember 1996.
- Kristinn Einarsson sótti Náttúruverndarþingið 31. janúar og 1. febrúar 1997 fyrir hönd félagsins en formaðurinn hafði verið beðinn að vera þar þingritari eins og síðast.

- Samstarf við EuroGeo hefur verið í lágmarki en þó hefur alltaf borist póstur frá Hollandi vegna þeirra mála auk þess sem ýmsir nemar eða landkönnuðir hafa óskað eftir aðstoð eða upplýsingum hjá félaginu.

Náttúrufræðingatal. 1. hefti er ennþá í vinnslu og hefur gengið erfiðlega en Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir framkvæmdastjóri LÍSU situr þar enn í ritstjórn fyrir okkar hönd. Á síðasta aðalfundi var auglýst eftir fórnfúsum félagsmanni / mönnum til að taka saman sögu félagsins og sögu Landfræðifélagsins vegna Náttúrufræðingatalsins og síðari tíma. Enginn hefur enn gefið sig fram, þess vegna er sú ósk ítrekuð hér.

Skráðir félagsmenn í dag eru ríflega 130 þrátt fyrir að stjórn hafi tekið sig til síðastliðið haust og strokað út þá sem ekki höfðu greitt félagsgjöld í tvö ár eða lengur. Milli 15 og 20 félagsmenn virðast að jafnaði vera við nám erlendis.

Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum, endurskoðendum, fyrirlesurum ársins, starfsmönnum einstakra funda, ritnefnd og ritstjóra kærlega ásamt öðrum félagsmönnum fyrir ánægjulegt samstarf á árinu, einnig þakka ég Önnu Dóru sérstaklega fyrir samstarfið undanfarin ár en hún gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn.

Reykjavík 20/3'97

Guðrún Halla Gunnarsdóttir
formaður Félags landfræðinga

Reikningar 1996-97

Meðfylgjandi er ársreikningur Félags landfræðinga fyrir tímabilið 7. mars 1996 til 20. mars 1997. Það sem hæst bar á árinu var 10 ára afmæli félagsins, en upp á það var haldið með veglegri ráðstefnu um Kortabók Íslands. Ekkert aðgangsgjald var á þessa ráðstefnu, og skýrir það að hluta það tap sem varð á rekstri félagsins. Önnur skýring á þessu tapi er útgáfa Landabréfsins. Innheimta félagsgjalda var svipuð og verið hefur. Þrátt fyrir nokkurt tap er fjárhagsleg staða félagsins góð.

Kópavogur 20. mars 1997

Anna Dóra Sæþórsdóttir (sign.)

Eftirfarandi aðilar hafa endurskoðað og samþykkt þessa reikninga.

Tryggvi Jakobsson (sign.)

Árni Þór Vésteinsson (sign.)

REKSTRARREIKNINGUR 7. mars 1996 - 20. mars 1997

TEKJUR

Félagsgjöld 1996-1997	149.000,00
Eldri félagsgjöld	2.000,00
Vextir	6.844,05
Ráðstefna um byggðamál	45.950,00

TEKJUR ALLS

203.794,05

GJÖLD

Ráðstefna um byggðamál	33.660,00
Ráðstefna Kortabók Íslands	89.830,00
Útgáfa Landabréfsins	134.615,00
Kostn. v/tékkareiknings	4.653,90
Önnur gjöld	39.880,35

GJÖLD ALLS

302.639,25

TAP AF REKSTRI

98.845,20

EFNAHAGSREIKNINGUR 20. mars 1997

EIGNIR

Sparileið 1	61.781,20
Gullbók	176.122,55
Ávísanareikningur	63.287,34

EIGNIR ALLS

301.191,09

SKULDIR

Höfuðstóll 1996	400.036,29
Tap af rekstri	-98.845,20

SKULDIR ALLS (sjóður 20. mars 1996)

301.191,09

Ný stjórn 1997-98

Eins og frá er sagt hér að framan varð ein breyting á stjórninni á síðasta aðalfundi, þegar Helga Barðadóttir kom í stað Önnu Dóru Sæþórsdóttur. Nú hef-

ur stjórnin skipt með sér verkum, og er hún þannig saman sett:

Formaður: Guðrún Halla Gunnarsdóttir. Vinnusími 562 4100, bréfasími 562 4165, heimasími 552 8502, netfang halla@islag.is

Varaformaður: Kristinn Einarsson. Vinnusími 569 6042, bréfasími 568 8896, heimasími 568 1969, netfang ke@os.is

Ritari: Helga Barðadóttir. Vinnusími 569 6001, bréfasími 568 8896, heimasími 568 0403, netfang hbd@os.is

Gjaldkeri: Sigmar Metúsalemsson. Vinnusími 577 1010, bréfasími 577 1020, heimasími 553 0770, netfang simmi@rala.is

Meðstjórnandi: Guðrún M. Ólafsdóttir. Vinnusími 525 4484, bréfasími 525 4499, heimasími 552 6269, netfang gudrunmo@raunvis.hi.is

Leiðréttingar á félagatali

Ingimar Eydal Ingimarsson

Stórholti 7

603 Akureyri

Netfangalisti félagsmanna

Ný stjórn ræddi á fyrsta fundi sínum, hvort ekki væri rétt að gera netfangalista fyrir félagsmenn, og eiga þannig möguleika á að koma skilaboðum á framfæri bæði fljótt og vel, og þar að auki með ódýrum hætti. Tilraunasendingar á fréttabréfinu hafa farið fram í gegnum póstlistann Jónas og virðast hafa gefizt vel, en væntanlega er ekki ástæða til að angra fleiri en landfræðinga og félagsmenn með þeim póstsendingum til langframa.

Þegar listinn er tilbúinn geta félagsmenn notað hann sjálfir til skoðanaskipta eins og hugurinn gírnist (þó innan velsæmismarka!) og án milligöngu ritnefndar, hann verður *opin póstlisti*. Í samræmi við tilgang sinn verður listinn nefndur eftir fréttabréfi félagsins, og hafa verið lögð drög að því að hann fái inni á tölvukerfi Orkustofnunar fyrst um sinn. Netfang listans verður þá samkvæmt því **landpostur@os.is**, en beiðnum um að komast á listann eða láta strika sig út af honum skal komið til Kristins Einarssonar á netfangið **ke@os.is**.